



UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

16. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 3. júní 2026 kl. 20:00 í fjarfundi.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

DAGSKRÁ:

1. Umhverfisverðlaun 2026
2. Umhverfishrós 2026

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin sendi út og óskaði eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og umhverfishróss. Nokkrar tilnefningar bárust. Eftir yfirferð var nefndin sammála um að:

1. Umhverfisverðlaun 2026

Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps 2026 hljóta Lára Hildur Þórsdóttir og Skúli Guðmundsson í Birtingaholti 3.

Lára og Skúli hafa lagt metnað sinn í að skapa afar fallegt, snyrtilegt og heildstætt umhverfi í Birtingaholti. Garðurinn þeirra er bæði frumlegur og einstaklega vel hirtur og ber skýrt vitni um natni og umhyggju fyrir nærumhverfinu.

Þá hafa þau einnig unnið markvisst að því að fegra bæjarstæðið með því að taka húsakostinn í gegn og mála allar byggingar í samræmdum stíl, sem gefur staðnum fallega og glæsilega heildarmynd.

Umhverfi þeirra í Birtingaholti er til fyrirmyndar og setur jákvæðan svip á nærumhverfið.

2. Umhverfishrós 2026

Umhverfishrós Hrunamannahrepps 2026 hljóta Pétur Axel Pétursson og Steinunn G. Kristinsdóttir í Miðhofi 11.

Axel og Steinunn hafa undanfarin ár unnið af alúð að því að fegra garðinn sinn og skapa hlýlegt og fallegt umhverfi í kringum heimilið. Metnaður þeirra og ræktarsemi skilar sér sérstaklega vel yfir sumartímann þegar garðurinn stendur í fullum blóma.

Blómaskrúðið og snyrtilegt umhverfið setja fallegan svip á hverfið og gleðja bæði íbúa og gesti.

Þar sem kjörtímabilinu er lokið er þetta síðasti fundur nefndarinn og vill formaður þakka fyrir gott samstarf og góða vinnu í nefndinni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:15
Fundarritari: Halldóra Hjörleifsdóttir